

til og fús á að takast þetta ætlunarverk á hendur, verið svo naumur, að stjórnarráðinu hefir verið alveg ómögulegt að verða við bæn yðar í þessu efni, og verðum vör því að biða eptir nákvæmari skýrslu frá yður um það, hvort ástandið er svo, að ekki verði komizt hjá að senda dýralækni til Íslands.

1866.
16. april.

36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til Steingríms Thorsteinssonar, kandidats í málfræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði.

28. april.

Stjórnarráðið kunngjörir yður hérmeð, að það samkvæmt bænarskrá yðar dagsettri 6. októbermán. f. á. hefir veitt yður 300 ríkisdala styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði, og skal því við bætt, að stjórnarráðið í dag hefir hlutazt til um, að yður verði borgaður fyrst um sinn helmingurinn af styrk þessum úr aðalfjárhirzlu ríkisins.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Gísla Brynjúlfs-sonar, kand. philos., um styrk til að semja rit um sögu og ástand landstjórnarinnar á Íslandi á miðöldunum.

1. mai.

Í bænarskrá dagsettri 15. októbermán. f. á. hafid þér sókt um 800 ríkisdala styrk, bæði til að semja rit um ástand og sögu landstjórnarinnar á Íslandi frá því fyrst á miðöldunum og langt fram eptir þeim, og líka til að gefa út ýmsar ritgjördir sem eru í handritasöfnunum íslenzku, og að yðar álitni hafa í sér fólgið margt fróðlegt um landstjórn og lifnaðarháttu (*sociale Liv*) á Íslandi í fornöld, um verzlunarsögu landsins, landshagi og fleira; hafid þér ætlazt á, að allt þetta rit verði hërumbil 20 arkir í tveim pörtum, 10 arkir hver.